

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Bt. umhverfis- og skipulagssviðs  
Norðurhellu 2  
221 Hafnarfjörður

**Efni: Athugasemd Fríkirkjunnar í Hafnarfirði við tillögu að deiliskipulagsbreytingu;**  
**Miðbær, reitur 1, dags. 15. júlí 2021.**

Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði hefur velt upp þeim möguleika við lóðarhafa á hornlóðinni Austurgata 18 um að safnaðarheimili kirkjunnar gæti við skipulagsbreytinguna flust af Linnetsstíg 6 í óbyggt hús á þeirri lóð. Í tillöggunni er gert ráð fyrir skilmálum fyrir Austurgötu 18 að starfsemi verði á jarðhæð og íbúðir á efri hæðum.

Gerð er breytingartillaga um að fallið verði frá þeirri þróngu kvöð og í stað þess sé gert ráð fyrir að í húsinu geti verið starfsemi eða íbúðir, ótilgreint eftir hæðum hússins.

Rökstuðningur fyrir breytingartillögu.

Eftir meira en 15 ára leit að framtíðarhúsnæði undir nýtt safnaðarheimili nærri Fríkirkjunni við Linnetsstíg gerir Fríkirkjan sér ágætar vonir um að með þessu skipulagi verði loks fundin farsæl lausn. Núverandi hús er óhentugt undir starfsemina og líður mjög fyrir slæmt aðgengi sem stenst engan veginn kröfur dagsins í dag. Safnaðarstjórn metur það svo að sístækkandi söfnuðurinn þurfi um 500-600 m<sup>2</sup> undir starfsemi sína. Best færi á því að veglegur salur yrði með lyftuaðgengi í rishæð m.a. til að forðast slæma hljóðvist og bergmál sem fylgir oft hefðbundinni íbúðalofthæð í samkomusöldum. Af þeim sökum væri það of takmarkandi að gera ráð fyrir starfsemi, t.d. safnaðarheimili Fríkirkjunnar á jarðhæð, en íbúðum á efri hæðum.

31. ágúst 2021

Fyrir hönd Safnaðarstjórnar Fríkirkjunnar

---

Einar Sveinbjörnsson formaður, kt

31.08.2021

Berist réttra viðtakanda vegna reits 1, Miðbær Hafnarfjarðar

Góðan dag

sem íbúi Hafnarfjarðar tel ég mig hafa hagsmuni að gæta vegna tillögu um breytt deiliskipulag á "reiti 1- Miðbæ Hafnarfjarðar". Eru það nokkur atriði sem ég vil vekja athygli á frekar en nokkuð annað en tillagan er að stærstum hluta að mínu mati mjög góð og greinilegt að sá/ sú eða þau sem stóðu að hugmyndavinnunni vönduðu vel til verka en hér koma þau atriði sem ég vil góðfúslega benda á að mætti taka til greina:

- Reitur 1 er aðeins lítill hluti af stóru samhengi, ég saknaði þess að sjá ekki hvernig Linnetsstígur myndi lita út með fyrirhugaðri byggingu við Strandgötu 17.
- Þar sem Strandgata 1 er enn í eigu bæjarins, væri þá ekki kjörið að koma þar fyrir skjalasafni sem Hafnfirðinginum hefur reglulega verið lofað, sérstaklega fyrir kostningar.
- Að samþykja brottflutning á gömlu húsi við Strandgötuna (nr. 17) og ætla sér að flytja tilbaka annað gamalt hús (Beggubúð) nánast í sömu setningunni, er eitthvað svo rangt. Gæti skrifad langan pistil því til stuðnings.
- Hugmyndin að mathöll á Strandgötu 1, í Súfistann, á Strandgötu 28-20 og við Suðurhöfnina! Er það raunhæft?

Með vinsemdu og virðingu

Rósa Karen Borgþórsdóttir

Kt

## Steinar Harðarson ·

---

**Til** : Skipulag  
**Frá** : Steinar Harðarson >  
**Heiti** : Miðbær, reitur 1, Deiliskipulagsbreyting, Athugasemdir, Steinar Harðarson  
**Málsnúmer** : 2103133  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 31.8.2021  
**Höfundur** : Steinar Harðarson ·

Hafnarfirði 31.08.2021

Hafnarfjarðarkaupstaður  
 b.t. umhverfis- og skipulagssvið  
 Norðurhella 2  
 221 Hafnarfjörður

Málefni : **Miðbær, reitur 1 - Deiliskipulagsbreyting : Athugasemdir.**

Með vísan til tillögu skipulags- og byggingaráðs/Bæjarráðs/Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar varðandi deiliskipulagsbreytingar fyrir Miðbær, reitur 1, þá gerir undirritaður, Steinar Harðarson, sem íbúi í Hafnarfirði og þar með hagsmunaaðili, eftirtalar athugasemdir við umrædda deiliskipulagstillögu, sbr. einnig ákvæði gildandi laga og reglugerða um byggingar- og skipulagsmál (m.a. ákvæði Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 með síðari breytingum og Byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með áorðnum breytingum):

1. Deiliskipulagið, Miðbær reitur 1, inniheldur almenningstorgið Ráðhústorg ásamt fleiri dvalarsvæðum.  
 Á uppdrættinum fyrir deiliskipulagsbreytinguna er t.d. hvergi nefnt að svæðin þar eigi að vera skjólgóð. Aðeins á "úrdrætti úr greinargerð fyrir gildandi deiliskipulag" er minnst á fyrir merkingar tákna : "Kvöð um mótvægisáðgerðir vegna vinda". (á mjög afmörkuðu svæði skv. "eldri" yfirlitsmynd). Að öðru leyti virðist hvergi vera tekið á þessu atriði fyrir sjálfa deiliskipulagsbreytinguna.
  - a. Er búið að kanna áhrif vinda á svæðinu í nýja deiliskipulaginu?
  - b. Væri ekki ráðlagt að láta gera greiningu á flæði winds um skipulagssvæðið m.t.t. fyrirhugaðrar nýtingar og Ráðhústorgsins sem almenningstorgs?
2. Væri ekki líka tilvalið að láta kanna fjölda sólarstunda á hverju svæði fyrir sig, þar sem skuggavarp á einstökum fáum dögum og klukkutínum, (sem sýnt er á deiliskipulagsbreytingunni), sýnir ekki heildarmyndina?

Bestu kveðjur,

Steinar Harðarson

101050 7060

Stórkavallum 44

221 Hafnarfjörður



Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar  
Norðurhella 2,  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 26.08.2021

### Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulaginu Miðbær, Reitur 1

Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar auglýsir breytingu á deiliskipulagi Miðbær, reitur 1. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt.“

Veitur hafa rýnt tillöguna og gera eftirfarandi athugasemdir:

Hluti af dreifikerfi og heimlögnum hitaveitu kemur til með að lenda innan byggingarreita og lóða í nýju skipulagi. Veitur benda á að tryggja þarf nýja lagnaleið eða kvöð á þær lagnir sem lenda inná líð. Vegna breytinganna þarf einnig að hanna nýtt dreifikerfi og skoða hvort styrkja þurfi stofnlagnir þar sem um talsverða uppbyggingu er að ræða.

Veitur benda á skilmála um inntakstaði og heimlagir og að nauðsynlegt er að aðkomna lagna sé tryggð að öllum byggingum með tillit til bílakjallara og staðsetningu á djúpgánum.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið verði unnið í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að færslu og styrkingu lagna þar sem þess er þörf.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir

Hafnarfirði, 19.08.2021

Við eigendur Linnetsstígs 9b í Hafnarfirði leggjum fram eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagsbreytingu vegna miðbæjar Hafnarfjarðar. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg. Í breytingunni felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt og byggingarmagn aukið að því er okkur skilst.

Við mótmælum því að leyft verði að bæta auka hæð ofan á húsið við Strandgötu 11, svokallað Venusarhús og að nýtt hús við hliðina verði jafnhátt. Það skerðir útsýni frá húsi okkar og Venusarhúsið er nægilega hátt eins og það er nú. Þetta er enn eitt skrefið í að "múra af" frá sjónum eldri og gróna byggð í miðbæ og gamla Vesturbæ Hafnarfjarðar. Það er sárgrætilegt að bæjaryfirvöld hafi hvað eftir annað misst af tækifæri í gegnum tíðina til að skipuleggja og byggja miðbæ sem er í samræmi við nálæga byggð. Betur færi á því að ný hús í miðbænum væru í stíl við nýja miðbæinn á Selfossi þar sem gömul og falleg hús víðsvegar að af landinu hafa verið endurbyggð, sem næst upprunalegri mynd. Í þeim hópi er t.d. hús sem áður stóð í miðbæ Hafnarfjarðar og var rifið árið 1970 en er nú til mikillar prýði í miðbæ Selfoss. Þess í stað ákváðu bæjaryfirvöld hér í Hafnarfirði á sínum tíma að reisa verslunarmiðstöð og þau mistök hafa einnig hafa verið gerð að við Thorsplan eru engir veitingastaðir enda er það torg sem kallað er "aðaltorg bæjarins" í deiliskipulagstillögunni fremur líflaust stóran hluta ársins þó vissulega lifni yfir því þegar jólaþorpið er sett upp.

Við vísum líka til ítarlegra athugasemda og ábendinga sem ég (Sveinn Helgason) gerði í commentum á FB eftir að hafa horft á upptöku frá kynningarfundum um nýbyggingar á lóðinni við Strandgötu 26-30 – fyrir aftan Fjörð og á svokölluðum reit 1 – við Strandgötu, Linnetsstíg og Austurgötu. Rétt er að taka fram að það er ýmislegt jákvætt við þessar tillögur – einkum nýtt torg – við núverandi bókasafn sem vonandi

verður líflegt. Kynningarfundurinn var gott framtak. Varðandi Strandgötu 30 er það mjög há bygging – það er nóg komið af turnum í miðbæ Hafnarfjarðar.

Með von um góða úrvinnslu og samráð – það er okkur öllum mikið kappsmál að byggja upp miðbæinn í Hafnarfirði – íbúum, fasteignaeigendum og öllum Hafnfirðingum.

Virðingarfallst,

Eigendur Linnetsstígs 9b Hafnarfirði

Sveinn Helgason kt. . . . .

Kristín Guðbrandsdóttir . . . . .

---

## Birgir Finnbogason

---

**Til** : Skipulag  
**Frá** : Birgir Finnbogason <  
**Heiti** : Reitur 1, athugasemd, Birgir Finnbogason  
**Málsnúmer** : 2103133  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 19.8.2021  
**Höfundur** : Birgir Finnbogason

Ég undirritaður eigandi Súfistans hef áhyggjur af göngubraut sem á að liggja milli Strandgötu 9 og Austurgötu 10b

Mér finnst gæta ósamræmis í teikningum varðandi "sundið" milli húsanna. Á sumum grunnmyndum er byggingarreitur Austurgötu 10 b of "stór"

Með kv

Birgir